

RÍKISENDURSKOÐUN

# Stjórnsýsla dómstólanna

Eftirfylgni 2023



Desember 2023

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Samantekt og niðurstöður .....	4
Stjórnsýsla dómstólanna .....	5
Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2020 og viðbrögð .....	5

# Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar og hvort tillögur ríkisendurskoðanda til úrbóta hafi náð fram að ganga.

# Samantekt og niðurstöður

Skýrslan var unnin að beiðni Alþingis. Markmiðið var að svara því hvernig dómstólasýslunni hefur tekist að annast sameiginlega stjórnslu dómstólanna og bæði móta og framfylgja framtíðarsýn stofnunarinnar um þróun stjórnslunnar. Úttektin fól í sér athugun á því hvort stofnunin hafi uppfyllt lögbundið hlutverk sitt, á þeirri stjórnslu sem dómstólarnir fara sjálfir með, sem og fjárheimildum dómstólasýslunnar og dómstólanna.

Lagðar voru fram fjórar tillögur til úrbóta í skýrslunni. Þær voru á ábyrgðarsviði dómstólasýslunnar og lutu m.a. að eftirliti og samræmdri framkvæmd, þ.e. hvort mæla þyrfti nánar fyrir í lögum um eftirlit dómstólasýslunnar með stjórnslu dómstólanna, aðgang að tækniþekkingu, setningu reglna fyrir Landsrétt og héraðsdómstólana, m.a. um málaskrár dómstólanna, og svo að meta þyrfti hagræði að sameiningu héraðsdómstóla.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur dómstólasýslan brugðist við öllum fjórum ábendingum embættisins frá 2020, þó svo að sum viðbrögð séu skemmra á veg komin en önnur. Þá var lagt fram frumvarp á Alþingi um sameiningu héraðsdómstólanna sem þó náði ekki fram að ganga.

# Stjórnsýsla dómstólanna

Skýrslan [Stjórnsýsla dómstólanna](#) (apríl 2020) var unnin að beiðni Alþingis og á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Markmið úttektarinnar var að svara því hvernig dómstólasýslunni hefur tekist að annast sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna og móta og framfylgja framtíðarsýn stofnunarinnar um þróun stjórnsýslunnar. Úttektin fól jafnframt í sér athugun á því hvort stofnunin hafi uppfyllt lögbundið hlutverk sitt, athugun á þeirri stjórnsýslu sem dómstólarnir fara sjálfir með og fjárheimildum dómstólasýslunnar og dómstólanna.

## Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2020 og viðbrögð

Í skýrslu sinni árið 2020 lagði Ríkisendurskoðun fram fjórar tillögur til úrbóta. Sú fyrsta laut að eftirliti og samræmdri framkvæmd.

### Eftirlit og samræmd framkvæmd

Kanna þarf hvort mæla á nánar fyrir í lögum um eftirlit dómstólasýslunnar með stjórnsýslu dómstólanna. Meta þarf hvort lögfesta á heimild til að vísa ákvörðunum sem að stjórnsýslunni lúta til dómstólasýslunnar. Slíkar breytingar þyrftu að leiða til aukins samræmis í framkvæmd milli dómstólanna og efla réttaröryggi í stjórnsýslu þeirra bæði fyrir borgarana og starfsmenn dómstólanna.

Í svörum sínum frá 2020 lagði dómstólasýslan sérstaka áherslu á þetta atriði og taldi að með þessu móti væri bæði hægt að tryggja samræmda framkvæmd og auka réttaröryggi.

Í svörum sínum árið 2023 kom fram að dómstólasýslan telur rök standa til að eftirlitshlutverki hennar með stjórnsýslu dómstólanna verði gerð betri skil í lögum um dómstóla og að traustari lagagrundvelli verði skotið undir það hlutverk hennar. Að mati dómstólasýslunnar mætti gera þetta með því að mæla sérstaklega fyrir um það í 5. gr. laganna með nýrri málsgrein sem yrði 2. mgr. og gæti hljóðað á þessa leið:

*Dómstólasýslan hefur eftirlit með stjórnsýslu dómstólanna og má vísa til hennar ákvörðunum þeirra sem að því lúta. Um slíkt málskot fer eftir reglum VII. kafla stjórnsýslulaga eftir því sem við á.*

Dómstólasýslan bendir jafnframt á að eftir nánari skoðun á stjórnsýslu dómstóla sé það mat hennar að við afmörkun á eftirlitshlutverki dómstólasýslunnar þurfi að taka mið af því hversu nátengd stjórnsýsla dómstólanna er dómsvaldi og meðferð þess. Í því sambandi verði að hafa í huga að þótt dómstólasýslan sé stjórnsýslustofnun innan dómskerfisins fari hún ekki með dómsvald. Dómstólasýslan geti því ekki endurskoðað ákvarðanir dómstóla sem tengjast meðferð dómsvalds. Aðeins geti talist til stjórnsýslu dómstóla verkefni sem ekki eru dómsathafnir sem dómari fer með á eigin ábyrgð við meðferð máls fyrir dómi og úrlausn þess. Almennt sé ekki vafi um hvar skil milli dómsathafna og stjórnsýslu dómstóla liggja en þó séu ákveðin markatilvik sem eru nátengd sjálfstæði dómsvaldsins og meðferð þess. Í því sambandi nefnir

dómstólasýslan í svörum sínum úthlutun mála til dómara, ákvarðanir um afhendingu eftirrita af málskjöllum, dómabók og þingbók í máli sem rekið er fyrir dómi og útgáfa dóma.

Dómstólasýslan vísar að því í svörum sínum frá 2023 að eftirlitshlutverk stofnunarinnar sé ekki afmarkað eða skilgreint sérstaklega í lögum um dómstóla. Eftirlitshlutverkið megi leiða af ýmsum ákvæðum laganna, einkum 7. og 8. gr. þeirra og ákvæðum VI. – VIII. kafla sem lúta m.a. að starfsvettvangi héraðsdómara, skipun dómstjóra héraðsdómstóla og agavaldi dómstólasýslunnar gagnvart þeim. Þá sé dómstólasýslunni falið reglusetningarvald í ýmsum lagaákvæðum, einkum í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamál og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Misjafnt sé þó hvort þær reglur eru bindandi eða aðeins leiðbeinandi. Í nýlegum reglum um útgáfu dóma hefur dómstólasýslan leitast við að skýra eftirlitshlutverk sitt á því sviði. Þá hefur dómstólasýslan haft til skoðunar hvort og hvaða eftirlitshlutverk stofnunin hefur á öðrum sviðum.

Hvað eftirlit með útgáfu dóma varðar nefnir dómstólasýslan að stofnunin hafi gefið út nýjar og breyttar reglur um útgáfu dóma haustið 2022, sbr. reglur dómstólasýslunnar nr. 3/2022. Þær hafi tekið gildi 1. október 2022. Samhliða útgáfu reglnanna gaf dómstólasýslan út leiðbeiningar til dómstóla um túlkun þeirra og verða þær uppfærðar með reglubundnum hætti. Þá hélt stofnunin námskeið fyrir dómara og annað starfsfólk þar sem farið var yfir helstu breytingar og vafatilvik. Að sögn dómstólasýslunnar var markmið breytinganna að tryggja betra samræmi við útgáfu dóma með því að einfalda og skýra reglur um hvaða dómur skuli gefnir út, hvenær nafnleyndar skuli gætt og hvaða upplýsingar eigi að nema brott við útgáfu dóma. Síðast en ekki síst var markmiðið að skýra og skerpa á eftirlitshlutverki dómstólasýslunnar.

Fjallað er um eftirlitshlutverk dómstólasýslunnar í V. kafla reglna nr. 3/2022. Þar er byggt á því að hver og einn dómstóll beri ábyrgð á að útgáfa dómsúrlausna samræmist reglum dómstólasýslunnar. Í 14. gr. segir að dómstólasýslan geti komið á framfæri ábendingum um túlkun reglnanna og hvernig rétt sé að bregðast við varðandi framkvæmd þeirra í einstökum tilvikum. Dómstólasýslan getur sett fram slíkar ábendingar að undangenginni eigin frumkvæðisathugun eða á grundvelli kvartana sem henni berast. Samkvæmt 16. gr. reglnanna er dómstólum skylt að tilkynna dómstólasýslunni um frávik frá reglum án ótilhlýðilegrar tafar en stofnunin heldur skrá um slík frávik. Þá kannar hún framkvæmd dómstóla með reglubundnum hætti með slembiúrtaki.

Samkvæmt svörum dómstólasýslunnar er það mat stofnunarinnar að með þessu fyrirkomulagi eftirlits og eftirfylgni sé stuðlað að samræmdri framkvæmd og réttaröryggi tryggt. Ekki sé unnt að túlka eftirlitsheimildir dómstólasýslunnar með ákvörðunum dómstóla sem tengjast meðferð dómsmála með rýmri hætti að óbreyttum lögum. Þá er það að mati dómstólasýslunnar háð vafa hvort það samræmist sjálfstæði dómsvaldsins að færa dómstólasýslunni heimildir í lögum til að endurskoða stjórnsluákvarðanir dómstóla sem geta talist fela í sér meðferð dómsvalds eða eru nátengdar því.

Hvað reglur um aðgang að upplýsingum og gögnum varðar bendir dómstólasýslan á að stofnunin hafi nú til endurskoðunar reglur dómstólasýslunnar nr. 9/2018 um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá héraðsdómstólum. Fjallað er um rétt til afhendingar eftirrita af málskjöllum, dómabók og þingbók í 14. gr. laga um meðferð einkamála og 16. gr. laga um meðferð sakamála. Í þeim er m.a. gerður greinarmunur á aðgangi að eftirritum skjala meðan á málsmeðferð stendur og eftir að henni lýkur. Í báðum lagagreinum er gert ráð fyrir að dómari taki afstöðu til

6 Stjórnslu dómstólanna - eftirfylgni 2023

beiðna um afhendingu eftirrita sem er rekið fyrir dómstólum. Sé afhendingu synjað er unnt að krefjast úrskurðar dómara. Varði beiðni aðgang að gögnum í máli sem er endanlega lokið tekur dómstjóri/forseti afstöðu til beiðni í formi ákvörðunar eða úrskurðar sé þess krafist.

Að mati dómstólasýslunnar er ljóst að löggjafinn hefur talið rétt að ákvörðunar- og endurskoðunarvald um afhendingu eftirrita úr dómsmáli sé hjá dómstólum en ekki dómstólasýslunni. Með hliðsjón af sjálfstæði og hlutverki dómstóla er það mat dómstólasýslunnar að ekki komi til greina að færa slíkt vald til dómstólasýslunnar í málum sem er ekki endanlega lokið. Taka mætti til skoðunar hvort annarri skipan megi koma á þegar máli er endanlega lokið fyrir dómstólum eða þegar óskað er upplýsinga eða gagna sem ekki tengjast dómsmáli. Til þess þyrfti að gera breytingar á lögum og kveða skýrt á um eftirlitshlutverk dómstólasýslunnar.

Hvað tillögur um breytingar á hlutverki dómstólasýslunnar við úthlutun mála bendir stofnunin á að fjallað sé um eftirlitshlutverk stofnunarinnar og mögulegar breytingar á því vegna sameiningar héraðsdómstóla úr átta í einn í [skýrslu](#) dómsmálaráðuneytisins þar um. Á grundvelli skýrslunnar lagði dómsmálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstólanna í einn héraðsdómstól), sbr. [þingmál nr. 893](#). Frumvarpið náði ekki fram að ganga en í því voru lagðar til ýmsar breytingar á hlutverki dómstólasýslunnar samhliða sameiningunni. Þannig segir í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu:

*Af tillögum um einn héraðsdómstól með átta starfsstöðvar leiðir óhjákvæmi-  
lega að gera þarf nokkrar breytingar á ákvæðum laga um dómstóla er snúa  
að hlutverki og verkefni dómstólasýslunnar. Þær lúta í stórum dráttum að  
því að staða dómstólasýslunnar gagnvart Héraðsdómi verði að mestu leyti  
sú sama og verið hefur gagnvart Landsrétti og Hæstarétti frá 1. janúar 2018.  
Auk þess er lagt til að dómstólasýslunni verði fengnar auknar heimildir til að  
setja reglur um starfsemi Héraðsdóms, þar á meðal um úthlutun dómsmála  
og um undirbúning að skipun dómstjóra og varadómstjóra.*

Heimild til að setja reglur um úthlutun dómsmála var að finna í e-lið 2. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því var lagt til að bæta við tveimur málsgreinum á eftir 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Ný 5. mgr. 7. gr. myndi því hljóða svo:

*Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um úthlutun dómsmála hjá dóm-  
stólunum.*

Þess má geta að reglurnar eiga samkvæmt skýringum við ákvæðið að vera leiðbeinandi og taka til allra dómstiga. Þá var lagt til í 3. gr. frumvarpsins að heimildir dómstólasýslunnar til að setja reglur um samræmda framkvæmd skv. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016 næðu til allra dómstiganna þriggja en ekki aðeins héraðsdómstólanna eins og nú er. Um þetta segir í athugasemdum við 3. gr.:

*Hins vegar er dómstólasýslunni [...] falið að setja starfsreglur um samræmda  
framkvæmd við öll dómstigin þrjú í stað einvörðungu héraðsdómstólanna í  
dag. Þessi breyting er talin til þess fallin að geta stuðlað að auknu samræmi  
í framkvæmd við dómstóla landsins og gera þá að því leyti aðgengilegri fyrir  
þá sem eiga við þá erindi. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi heimild tak-*

*markast við þá starfsemi dómstóla sem ekki er háð ákvörðunarvaldi hvers dómstóls um sig samkvæmt lögum og eðli máls um sjálfsákvörðunarrétt hvers dómstóls.*

Í frumvarpinu var ekki mælt sérstaklega fyrir um eftirlit dómstólasýslunnar eða endurskoðunarheimildir.

**Hvað hefur gerst:** Ráðist hefur verið í umtalsverða vinnu við að skýra og skerpa á eftirlitsheimildum dómstólasýslunnar á einstökum sviðum. Vegna sjálfstæðis dómstóllanna er málið þó viðkvæmt og vandmeðfarið að setja almennar reglur um slíkt eftirlitshlutverk dómstólasýslunnar.

Önnur tillaga fjallaði um að tryggja þyrfti nauðsynlegan aðgang að tækniþekkingu.

#### **Tryggja þarf aðgang að tækniþekkingu**

Dómstólasýslan uppfyllir ekki við núverandi aðstæður með fullnægjandi hætti lögbundið hlutverk sitt varðandi yfirstjórn upplýsinga- og tæknimála dómstóllanna og að hún annist þróun þeirra mála. Brýnt er að stofnunin hafi aðgang að sérfræðiþekkingu í upplýsingatækni og öðrum tæknimálum, m.a. svo tryggja megi öryggi málgagna, og að stjórnvöld móti stefnu þess efnis.

Í svörum sínum árið 2020 vísaði dómstólasýslan sérstaklega til þess að mikilvægt væri að embættið fengi auknar fjárheimildir til að ráða tæknilegan kerfisstjóra svo að hún gæti með fullnægjandi hætti rækt það hlutverk sitt að fara með yfirstjórn upplýsinga- og tæknimála dómstóllanna. Vísaði dómstólasýslan til þess að henni stæði ekki til boða af hálfu ríkisins stoðþjónusta í þessu tilliti. Dómstólasýslan tók því undir og fagnaði þessari ábendingu Ríkisendurskoðunar.

Í svörum sínum frá 2023 ítrekaði dómstólasýslan að árið 2020 hefði verið vakin athygli Ríkisendurskoðunar á mikilvægi þess að dómstólasýslan fengi auknar fjárheimildir til að ráða tæknilegan kerfisstjóra. Við undirbúning fjármálaáætlunar 2021–25 óskaði stofnunin eftir því að rekstrarframlög yrðu hækkuð um 15 m.kr. á ári til að standa straum af launakostnaði kerfisstjóra. Tillagan náði ekki fram að ganga. Snemma árs 2022 mat dómstólasýslan það svo að við þetta ástand yrði ekki unað og tók þá ákvörðun að gera samning um þjónustu upplýsingatæknistjóra til allt að tveggja ára. Samningurinn er bundinn við ákveðinn tímafjölda og fjárhæð sem jafna má til um 20% starfshlutfalls. Þessi leið var m.a. valin þar sem með því mátti nýta afgang á rekstri dómstólasýslunnar sem myndast hafði á árinu 2020.

Samkvæmt svörum dómstólasýslunnar frá 2023 var úttekt á upplýsingatæknimálum dómstólasýslunnar á meðal verkefna hins nýja upplýsingatæknistjóra. Henni lauk í ársbyrjun 2023. Í skýrslu vegna úttektarinnar koma fram ábendingar um veikleika. Þá eru settar fram tillögur að markmiðum og lagður til vegvísir að því hvernig þeim verði náð. Samkvæmt honum er brýnast að ráða upplýsingatæknisérfræðing til dómstólasýslunnar og samræma betur þjónustu þeirra birgja sem dómstólasýslan hefur gert samninga við. Þar sem ekki hefur fengist fjármagn til að ráða slíkan sérfræðing hefur dómstólasýslan lagt til við dómsmálaráðuneyti að skiptingu fjárheimilda í fjármálaáætlun 2024–28 verði breytt þannig að árlegt fjárfestingarframlag til



dómstólasýslunnar verði lækkað um 15 m.kr. á ári og rekstrarframlag hækkað um sömu fjárhæð. Sú breyting gekk ekki eftir. Dómstólasýslan hefur þegar auglýst starf upplýsingatækni-sérfræðings. Starfið felur fyrst og fremst í sér notendaaðstoð og samskipti við ytri þjónustuaðila og birgja, ráðgjöf um val á tæknilausnum, mótun verklags og umsjón og eftirfylgni með upplýsingatækniöryggi. Áfram er gert ráð fyrir að þörf sé á að kaupa ráðgjöf til aðstoðar við stefnumótandi ákvarðanir. Starfshlutfall upplýsingatæknistjóra og kostnaður vegna hans mun hins vegar lækka umtalsvert.

**Hvað hefur gerst:** Ráðinn var upplýsingatæknistjóri tímabundið (í um 20% starfshlutfall) og gerði úttekt á upplýsingatæknimálum dómstólasýslunnar. Þá er búið að auglýsa starf upplýsingatækni-sérfræðings.

Í þriðju tillögu sinni benti Ríkisendurskoðun á að dómstólasýslan yrði að setja nánari reglur fyrir Landsrétt og héraðsdómstólana varðandi málaskrár dómstólanna og fleira.

#### **Ljúka þarf setningu reglna**

Dómstólasýslan þarf að setja nánari reglur fyrir Landsrétt og héraðsdómstóla um málaskrár dómstóla, þingbækur, búnað til hljóð- og myndupptöku í þinghöldum, dómabækur, varðveislu málsskjala og upptaka, aðgang almennings að endurritum af dómum og úr þingbók, svo og að framlögðum skjölum, og form og frágang dómsskjala.

Dómstólasýslan vék ekki að þessari ábendingu í svörum sínum frá árinu 2020.

Samkvæmt svörum dómstólasýslunnar árið 2023 hafði stofnunin áætlað að ljúka vinnu við ofangreindar reglur á árinu 2020. Verkefnið reyndist hins vegar flókið hvað varðar ákveðin atriði, einkum um hámarkslengd stefnu og greinargerða, sbr. g-lið 15. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og hámarkslengd ákæru og greinargerðar, sbr. g-liður 17. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Dómstólasýslan hefur því ákveðið að skipta framangreindu verkefni niður í fleiri smærri verkefni og setja aðskildar reglur um einstök atriði. Þeim hefur verið forgangsraðað eftir mikilvægi en einkum var litið til þess hversu brýnt er að tryggja meira samræmi og bæta réttaröryggi. Í því sambandi er m.a. haft í huga hvort löggjöf sé skýr og tæmandi um efnið og hvort settar hafi verið verklagsreglur.

Samkvæmt svörum dómstólasýslunnar frá 2023 hefur verið unnið að brýnum endurbótum á reglum um útgáfu dóma og úrskurða á vefnum til að auka skýrleika þeirra, tryggja meira samræmi í framkvæmd og skýra eftirlitshlutverk dómstólasýslunnar, sbr. umfjöllun um ábendingu 1 hér að ofan.

Að sögn dómstólasýslunnar stendur árið 2023 yfir vinna við endurskoðun reglna um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá héraðsdómstólum nr. 9/2018, en stefnt er að því að skýra þær betur og ná þannig fram meira samræmi við framkvæmd þeirra. Þá er unnið að endurskoðun á reglum um skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum nr. 2/2019. Þar er einkum horft til þess hvort tryggja megi betur gagnsæi ákvarðana um skipun skiptastjóra og mæla með skýrari hætti fyrir um hvernig eftirliti dómara og dómstólasýslunnar skuli háttað.

**Hvað hefur gerst:** Áætlanir um að ljúka við ofangreindar reglur gengu ekki eftir. Þess í stað var verkefnið brotið upp og er nú unnið að setningu aðskildra reglna um einstök atriði. Þegar hefur verið unnið að brýnum endurbótum á reglum um útgáfu dóma og úrskurða á vefnum og nú stendur yfir setning fleiri reglna. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki 2023.

Í fjórðu tillögu sinni benti Ríkisendurskoðun á að meta þyrfti hagræðið af sameiningu héraðsdómstólanna.

#### **Meta þarf hagræði af sameiningu héraðsdómstóla**

Ríkisendurskoðun bendir á að meta þarf hver yrðu fjárhagsleg samlegðaráhrif af sameiningu héraðsdómstóla og hvernig hún gæti styrkt stjórnslu dómstólanna. Þá er jafnframt bent á að meta þarf faglegan ávinning af sameiningu héraðsdómstóla en við fámennustu héraðsdómstólana starfar að jafnaði einn dómari. Í ljósi eftirlitsvalds dómstjóra er það ekki ákjósanleg staða.

Í svörum sínum árið 2020 tók dómstólasýslan undir þessa ábendingu Ríkisendurskoðunar og taldi að í því fælist tækifæri til að sækja fram og ná frekari árangri í starfsemi dómstólanna.

Eins og fram kom í svörum dómstólasýslunnar 2023 við fyrstu ábendingu Ríkisendurskoðunar lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um dómstóla nr. 50/2016 sem felur í sér sameiningu héraðsdómstóla í einn dómstól, sbr. [þingmál nr. 893](#). Frumvarpið var unnið á grundvelli [skýrslu](#) um sameiningu héraðsdómstólanna sem skilað var til ráðherra í desember 2022. Skýrslan var rituð af nefnd sem ráðherra skipaði en formaður stjórnar dómstólasýslunnar var formaður nefndarinnar.

Meginefni frumvarps dómsmálaráðherra er á þessa leið:

- Lagt til að átta héraðsdómstólar landsins verði sameinaðir í einn dómstól undir nafninu Héraðsdómur.
- Lagt er til að yfirstjórn hans verði staðsett í Reykjavík, að dómstóllinn hafi átta lögbundnar starfsstöðvar á þeim stöðum sem héraðsdómstólar eru nú starfræktir og lögbundinn lágmarksfjöldi starfsmanna á hverri starfsstöð. Kveðið verði á um það í lögum um dómstóla að þrír starfsmenn verði að lágmarki starfandi á hverri starfsstöð, þar af að minnsta kosti tveir héraðsdómarar eða einn héraðsdómari og einn dómarafulltrúi.
- Lagt er til að dómstjóri Héraðsdóms verði skipaður af stjórn dómstólasýslunnar til fimm ára, líkt og verið hefur hjá héraðsdómstólunum átta, en í stað skipunar að undangenginni kosningu meðal héraðsdómara líkt og fyrirkomulagið er í dag, verði dómstjóri skipaður úr hópi starfandi héraðsdómara þannig að staðan verði auglýst meðal héraðsdómara og þeim gefinn kostur á að sækja um.
- Lagt er til að dómstólasýslan setji reglur um hvernig staðið skuli að undirbúningi að skipun dómstjóra, þ. á m. um hvaða sjónarmið skuli lögð til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda og hvaða sérfræðiaðstoð dómstólasýslan geti sótt sér. Þá er lagt til að við Héraðsdóm skuli starfa varadómstjóri og skuli hann gegna störfum dómstjóra þegar hann forfallast, er fjarstaddur eða vanhæfisreglur eiga við. Varadómstjóri skuli einnig skipaður til fimm ára í senn úr röðum héraðsdómara og um skipun hans fari á sama hátt

og skipun dómstjóra. Þá er lagt til að við Héraðsdóm skuli starfa skrifstofustjóri sem skipaður skuli af dómstjóra á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla, nr. 50/2016, um skrifstofustjóra Hæstaréttar.

Í greinagerð með frumvarpinu segir enn fremur:

*Af framangreindu leiðir að allir héraðsdómarar myndu eftirleiðis starfa við einn og sama dómstólinn og að úthlutun allra mála sem rekin yrðu í héraði verði á hendi eins dómstjóra. Dómstjóri gæti úthlutað málum til héraðsdómara og dómarafulltrúa og falið héraðsdómurum meðdómendastörf án tillits til þess hvar þeir hafi fasta starfsstöð og án tillits til þess á hvaða starfsstöð málin séu rekin. Þannig getur skapast svigrúm til þess að útivistarmál af ýmsum toga verði afgreidd af dómurum og dómarafulltrúum á hvaða starfsstöð Héraðsdóms sem er og eftir atvikum önnur mál. Með þessu ætti jafnframt að verða svigrúm til að nýta mannauð á héraðsdómstiginu betur en nú er og eftir atvikum skapa sérhæfingu í tilteknum málaflokkum ef það þykir heppilegt. Þá er meðal annars lagt til að rýmkað verði hvar taka megi dómsmál fyrir.*

Ávinningi og árskorunum er lýst í frumvarpinu en samkvæmt því má m.a. ná fram einfaldari og skilvirkari stjórnslu, betra samræmi í verklagi, styrkingu starfsstöðva héraðsdómstigsins, betri þjónustu og betri nýtingu mannauðs héraðsdómstólanna. Aftur á móti eru áskoranir til að mynda taldar vera umfangsmiklar lagabreytingar, mögulega verði erfiðara að fá dómara til að starfa á landsbyggðinni eftir breytingarnar, hugsanlegt sé að tekjur einhverra starfsmanna dómskerfisins breytist og þá sé mögulegt að breytingar verði á tekjum sveitarfélaga.

Frumvarp dómsmálaráðherra náði ekki fram að ganga.

**Hvað hefur gerst:** Með frumvarpi dómsmálaráðherra var lagt mat á kosti og galla sameiningar héraðsdómstóla og hvernig hún gæti styrkt stjórnslu dómstólanna. Þá var jafnframt metinn faglegur ávinningur af sameiningu dómstólanna. Frumvarp dómsmálaráðherra náði þó ekki fram að ganga.

RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri  
Sími 448-8800 | [postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) | [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)